

Fjölmenningarráð

Ár 2019, mánudaginn 18. mars, var haldinn 18. fundur fjölmenningaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.15:05. Fundinn sátu Sabine Leskopf, Jórunn Pála Jónasdóttir, Renata Emilsson Peskova, Nichole Leigh Mosty og Tui Hirv. Einnig sat fundinn Joanna Marcinkowska sem var fundarritari.

Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um skipun fulltrúa í undirbúningshóp menningar- og ferðamálasvið fyrir hátíðarhöld 17.júni 2019.

Fjölmenningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmenningarráðið samþykkir að skipa Joönnu Marcinkowska í starfshóp vegna undirbúnings 17. júní. Jafnframt verður lögð áhersla á náið samstarf við listafólk af erlendum uppruna og samtök innflytjenda.

2. Fram fer kynning á niðurstöðum Fjölmenningarþings Reykjavíkurborgar 2018.
Fjölmenningarráð vísar niðurstöðum í undirbúningsvinnu fyrir sameiginlegan fund fjölmenningarráðs og borgarstjórnar.
3. Fram fer kynning á félagsvísi um innflytjendur hjá Hagstofu Íslands 2019.
4. Fram fer kynning um Miðja máls og læsis sem er verkefni á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Sigrún Jónína Baldursdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Fram fer kynning á niðurstöðum starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda og flóttafólks í skóla- og frístundastarfi.

Dagbjört Ásbjörnsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Fram fer umræða um stöðu aðgerða í stefnu í málefnum innflytjenda hjá skóla- og frístundasviði

Dagbjört Ásbjörnsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 16:31

Sabine Leskopf

Jórunn Pála Jónasdóttir
Nichole Leigh Mosty

Renata Emilsson Peskova
Tui Hirv